



## 5. formannafundur Aftureldingar 24.nóvember 2010

Fundur settur kl. 19:45

Mætt frá deildum: **Handbolti** Óskar Vídalín ; **Sund** Geir R. Birgisson ; **Fótbolti** Kolbrún Þorsteinsdóttir, Emil Viðar Eypórsson, Erlendur Fjeldsted ; **Blak** Guðrún Kristín Einarsdóttir, Mundína Kristinsdóttir ; **Frjálsar** Ólafur Ingi Óskarson, Hlynur Guðmundsson ; **Badminton** Ingvar Stefánsson ; **Fimleikar** Eva Magnúsdóttir ; **Taekwondo** Jón Levy, Richard Már Jónsson ; **Karate** Andrea

Mætt frá stjórn UMFA: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Sævar Kristinsson, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir . Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

- 1) Önnur mál
- 2) Fjármál

### 1) Önnur mál

Framkvæmdastjóri ræddi mismunandi aðferðir við innheimtu og lagði til að félagið tæki umræðu um aðferðir og jafnvel samræmingu. Einnig eru æfingagjöld mjög misjöfn milli deilda. Nefndi dæmi um eldri iðkendur sem eru að greiða mun lægri gjöld fyrir sína íþróttaiðkun en ef þeir þyrftu að leigja sal úti í bæ. Þetta þarf að ræða.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna hjá deildum.

Meistaraflokkar félagsins, þar er reksturinn mjög þungur, meistaraflokkarnir eru tákni félagsins út á við. Mjög lítill stuðningur frá félaginu og bænum. Spyr hvort félagið geti gert betur.

Badminton og blak eru í góðu lagi.

Fimleikar, þar er fjárhagsstaðan þokkaleg en aðstaðan ekki góð og hefur iðkendum fækkað.

Frjálsar, fækkun iðkenda og aðstaða orðin döpur.

Handbolti, góð staða í barna starfi og kraftmikið starf í meistaraflokki. Skýrt skipurit og virkar vel, ákvörðunarvald og ábyrgð haldast í hendur.

Knattspyrna, hjá BUR er margt jákvætt, gott starf og iðkenda fjöldi á uppleið. Meistaraflokkur kk, þar er fjárhagsstaða erfið, mjög þung staða. Mfl kvk, þar er

fjárhagsstaðan slæm í fyrsta sinn í langan tíma, mikil meiðsli síðastliðið sumar, ungt lið, mikill sjúkráþjálfunarkostnaður. Í knattspyrnudeild telur framkvæmdastjóri þurfa að skerpa á skipuriti og að ákvarðanataka sé sett í fastari farveg og ábyrgð fylgi.

Karate er vel rekin en aðstaðan er vandamál, ekki síst vegna þrifa og umgengni um aðstöðuna.

Sama á við um Taekwondo.

Sund, staðan er fín hjá þeim.

Karfa, rekstur frekar erfiður, stjórnarkreppa þar vantar fólk í stjórn.

Framkv. stjóri ræðir hugmyndir sem ræddar hafa verið í aðalstjórn um að rukka inn félagsgjöld, dæmi um 3500 krónur. Einnig leggur hann áherslu á að íþróttafulltrúi verði ráðinn og að daglegur rekstur að Varmá verði á hendi UMFA, það verkefni verði flutt frá bænum.

Hlynur í frjálsum spyr hvort eitthvað sé á planinu um aðstöðuvanda þeirrar deildar og fimleikanna. Hann telur að vetrarstarf sinnar deildar muni leggjast af innan 3 ára.

Jón bendir á að gert hafi verið ráð fyrir fimleikaaðstöðu þegar íþróttahúsið var byggt en ekki verið settir nægir fjármunir til að fullgera þá aðstöðu.

Taekwondo bendir á góðan árangur deildarinnar, að unglíngalandsliðið sé mannað að helmingi af Aftureldingarfólki. Spyr hversu mikið framlag deildin geti farið fram á að fá þegar hún sýnir góðan árangur.

Formaður áréttar að aðalstjórnin hafi það hlutverk að vera brjóstvörn allra deilda, vinna að því að styrkja og efla allt starfið og sjá um samskipti við bæjaryfirvöld. Félagið sjálf veiti ekki sérstaka styrki vegna góðs árangurs.

Blak formaður spyr hvort hætt hafi verið við samráð formanna deilda um fjárhagsáætlun, nefnir dæmi um að allar deildir hafi eitt haustið tekið sínar kröfur út af borðinu til að kaupa fimleikadýnu.

Formaður bendir á að aðstöðunefnd sé að störfum, en minnir jafnframt á að fjárhagsstaðan sé erfið og bæjaryfirvöld sendi þau skilaboð að það þurfi að skera niður.

Framkvæmdastjóri ítrekar að hann telji að allar deildir séu komnar að þölmörkum, ekkert hafi verið gert í allt of mörg ár.

Blakformaðurinn spyr um borðtennisborð sem félagið eigi. Enginn viðstaddra veit neitt um málið.

Form. knattspyrnudeildar skýrði þær aðferðir sem þar eru notaðar við innheimtu æfingagjalda. Þar hafi verið of mikill slaki í innheimtu mörg undanfarin ár og núna sé verið að koma böndum á innheimtumálin.

Rætt um Guðfinnusjóðinn og að deildir séu meðvitaðar um að benda á hann vegna æfingagjalda þegar fjölskyldur eiga í erfiðleikum með að fjármagna íþróttaiðkun barna sinna.

Badmintonmót um næstu helgi.

Legómót í fótbolta helgina 4. og 5. desember.

Óskað eftir því að framkvæmdastjórinn sendi út tilkynningar um mót og aðra viðburði í húsinu til allra deilda.

### 3) Fjármál Aftureldingar sparnaður og sóknarfæri

Formaður hóf umræðuna með að segja frá fundi sem hann var á hjá UMSK þar sem Viðar Halldórsson hélt tölu. Þar kom fram að til að auka árangur og ánægju þeirra sem stunda íþróttir sé árangursríkt að setja áherslu á félagsþáttinn. Formaður varpar fram þeirri spurningu hvort hægt sé að setja fókussinn meira á félagstarf og félagsfærni á tímum eins og núna þar sem fjármagn til framkvæmda og endurnýjunar er af skornum skammti. Kannski á 4. eða 6. áæfingin í vikunni að vera þjálfun í samskiptum og félagsfærni?

Hlynur telur að margar deildir séu í hættu fjárhagslega, leggur til að hugsað sé út í að hafa innansveitarhappdrætti, kannski miði á 2000 kall.

Sævar varaformaður tók við stjórn fundarins og stýrði umræðum/hugarflæði um möguleika til rekstrarhagræðingar annars vegar og hins vegar tekjumöguleika Aftureldingar.

Rekstrarhagræðing	Tekjusköpun
Starfsfólk íþróttamannvirkja, vaktafyrirkomulag. Bæta nýtingu og aukin verkefni	Taka yfir rekstur mannvirkja
Hver deild þarf að líta í eigin bókhald til að spara, (ódyrara teip úr byggingavöruverslun)	Velunnarakerfi, virkja einstaklinga í bænum
Kostnaðarskipting aðalstjórn/deildir – aukið gagnsæi	Einn stór styrktaraðili f. Félagið
Rekstrarhandbók, hver ber ábyrgð á hverju. Birt á netinu	Félagakerfi Aftureldingar
Umgengni í mannvirkjum (tæki og fl) dýnur, viðhald, ...	Ungmennafélagsandinn, ímynd félagsins. Aftureldingar, taka yfir reksturinn.

Eftirfylgni og aðstoð við deildir varðandi fjárhagsmálin	Selja meira. Merkja mannvirki
Aftureldingarfólk í vinnu f félagið	Íþróttafulltrúi, (fleiri iðkendur etc)
Þjálfa upp félagsmenn í félagsstörfum	Samstaða deilda. Samræming fjáraflana,
Nýta önnur rými í bæjarfélaginu – Reykjalundur, Lágafellsskóli, Krikaskóli	N1 höll félagsins – selja húsið, völlinn
Fá samstarfsaðila til að kaupa efni í húsið	Hátíðir – viðburðir
Fullorðnir greiði æfingaaðstöðu fullu verði	Selja BÓKINA
Breyta skipulagi/hagræða, saman yngri eldri sbr badminton	Aftureldingarkortið, velunnarar fá eitt hvað í staðinn, selja fólk aðgang að lýðheilsu og íþróttaiðkun
Íþróttakennara sem nýtist fleiri deildum	Almenningsíþróttadeild – afsláttur í Eldingu/WC
Kortleggja þjálfara betur, samnýta betur t.d. þrekþjálfun	Íþróttir f. aldraða og fatlaða
Afturelding sjái um íþróttakennslu í skólum	Koma deildum upp í úrvalsdeildir
Sumarbúðir fyrir erlenda iðkendur	Vinna með skólum og kynningarefni samræmt fyrir félagið í heild
Sameiginlegan bækling með sumarnámskeið, samvinna milli deilda	Hópatímar í Varmá fyrir almenning
Ímynd, árshátíð fyrir krakka, diskótek. Aftureldingarball	Aftureldingarblað, gefa út bæjarblað. Krakkaopnur, krossgátur o.s.frv. Nýta líka betur Mosfelling
Stytta æfingátíma	Fá aðila til að taka að sér ímyndarsköpun fyrir félagið
	Nýta í túninu heima til fjáröflunar
	Selja lausa tíma/sal á morgnum eða í hádegi t.d fyrir aldraða
	Happdrætti Mosfellsbæjar, tengja innheimtu félagsgjalda
	Hóptímar- samstarf deilda

	Unglingalandsmót, gæti gefið góðar tekjur
	Goggi galvaski – stækka hann. Fjölga greinum
	Fyrirtækjamót
	Selja auglýsingar við Vesturlandsveg, skilti girðingar
	Selja jólakveðjur til bæjarbúa, jólakortablað
	Leigja út mannvirki til kl 23
	Auglýsa í Grafarvogi þær greinar sem ekki eru í Fjölni. Samstarf við Fjölni. Kjalarnes
	Sumarbúðir fyrir erlenda. Iðkendur
	Samstarf við Fmos
	Handboltaskóli á Varmá að sumri, fyrir innl. og erl. þátttakendur
	Gefa nemendum eitthvað sem minnir á Aftureldingu
	Selja stuttermabol með Aftureldingarmerkinu, kannski með hjarta utan um?
	Selja fyrirtækjum aðstöðu
	Sækja um styrki t.d. Evrópusambandið
	Heilsuklasinn
	Samstarf allra deilda (sameinuð stöndum við, sundruð föllum við)

## **Hvað ætti að leggja áherslu á næstu 12 mánuði?**

Algjör samstaða um að félagið taki yfir daglegan rekstur á mannvirkjum, til að ná markmiðum hér að ofan.

Samvinna milli deilda.

FMos Akademían, nýta kraftana.

Afturelding „eignist“ bæjarhátíðina í túninu heima, selja skreytingardótarí.

Félagslegi þátturinn – félagsheimili Aftureldingar.

Unglingalandsmót árið 2013, hefja undirbúning.

Fá húsnæði í bænum fyrir Aftureldingu, Hlégarð, Brúarland.

Markvissari fjárstýring deilda. Ábyrgð fylgi ákvarðanatöku. Skýra ábyrgð.

Byggja upp ímyndina, vera sýnileg.

Hópefli, styrkja tengsl milli stjórna deilda.

Kvöldvökur

Súpufundir

Almenningsíþróttir fyrir fullorðna

Félagsgjöld Aftureldingar

Jóla kortablaðið

**Í lok fundar var samþykkt eftirfarandi ályktun.**

### **ÁLYKTUN:**

Formannafundur Aftureldingar, haldinn að Varmá miðvikudaginn 24. nóvember 2010, ályktar eftirfarandi.

Félagið lýsir yfir vilja til að ganga til samninga um að taka yfir allan daglegan rekstur íþróttamannvirkja að Varmá og Tungubökkum. Ávinningurinn er hagræðing í rekstri sem kemur sér vel fyrir bæjarfélagið, íbúana og íþróttafélagið. Það er trú félagsins að með þessu fyrirkomulagi megi tryggja vöxt og viðgang Aftureldingar til framtíðar.

**Fundi slitið kl 22:30.**

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.**